

Fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, mánudaginn 21. nóvember klukkan 17:30, Síðumúli 15.

Mætt voru: Daníel Örn Hinriksson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir. Fundinn sat Silja Ösp Jóhannsdóttir, verkefnastjóri félagsins.

Fundargerð ritaði Daníel Örn.

Dagskrá

Erindi afgreidd milli funda:

- Melabraut 17;
- Undirritun kaupsamnings, fór fram 20. október síðastliðinn og lyklar afhentir. Viðskiptabanki félagsins, Íslandsbanki, bauð bestu lánakjör en leitað var allra helstu bankastofnana landsins.
- Gengið hefur verið frá tryggingum, VÍS, og skipt um orkuveitu, HS orka.
- Sigrún Valdimarsdóttir tækniteiknari og félagsmaður hefur boðið fram aðstoð við teikningu á skrifstofurými.
- Gengið frá afsali 21. nóvember.

Skrifstofa félagsins

Viðtöl við umsækjendur fóru fram 18. nóvember og 21. nóvember á skrifstofu félagsins.

Gjaldskrá HRFÍ

Lagt er til 4% hækkun á flesta gjaldskráarliði félagsins, þó er lagt til meiri hækkun á augnskoðun. Augnlæknar sem hafa óskað eftir hærri greiðslu fyrir hvern hund og hér á landi er augnskoðun langtum ódýrari en gerist í löndunum í kringum okkur. Þá hefur kostnaður vegna augnskoðanna hækkað. Augnskoðun hækkar um 25%.

Afrit gagna, gagnaleit, uppfletting **hvert skjal**/sýning/viðburður hækkar upp í 1.100 kr. úr 900 kr.

Kaupsamningar/fóðursamningar

Lagður var fram fóðursamningur sem stjórn samþykkti að taka til noktnar. Samningurinn verður sendur til laganeftar til umsagnar.

NKU fundur

Upplýsingar frá fundinum. Fundinn sóttu fyrir hönd HRFÍ, Guðbjörg Guðmundsdóttir, varaformaður, og Silja Ösp Jóhannsdóttir, verkefnastjóri. Erna Sigríður Ómarsdóttir er ritari NKU og sat einnig fundinn.

Veiðiprófadagskrá th.7

Veiðiprófadagskrá lögð fram til samþykktar. Veiðiprófadagskrá var á dagskrá 7. fundar stjórnar en var afgreiðslu um dagskrána frestað. Stóð til að afgreiðsla færi fram milli funda. Stjórn samþykkir dagskrána.

Erindi frá Matvælaráðuneytinu

Matvælaráðuneytið hefur breytt reglugerð nr. 935/2004, um innflutning gæludýra, annarra en hunda og katta, og hundasæðis. Nú verður leyft að flytja inn ferskt hundasæði, áður mátti eingöngu flytja inn frosið hundasæði. Breytingin hefur ekki birst á

Stjórnartíðindum en ætti að birtast á næstu dögum. Stjórn fagnar rýmkun reglnanna og telur að þetta muni nýtast vel til að auka genapolla tegunda.

Erindi frá félagsmanni

Erindi barst frá félagsmanni, áskorun að heiðra stigahæstu vinnuhunda ársins á nóvember sýningu félagsins, eins og gert er með sýningahunda, ræktendur, þjónustu- og afrekshunda.

Á þessum vettvangi er venjan að heiðra fyrir árangur á sýningum félagsins, en ekki fyrir vinnu- og veiðiárangur. Þá hefur Vinnuhundadeild heiðrað á ársfundi sínum árangur í vinnu. Þá er einnig í ljósi þess hversu seint erindið berst verður ekki orðið við þessari áskorun.

Val á þjónustu-og afrekshundi ársins 2022

Til að taka þátt í vali um afrekshund ársins þarf hundurinn með einhverjum hætti að hafa komið að björgun manna og/eða dýra, liðsinnt fötluðum eða veikum einstaklingum eða verið til uppörvunar og hjálpar á einn eða annan hátt.

Ollie hefur verið valin afrekshundur ársins 2022.

Undir heitið þjónustuhundur ársins tilheyra þeir hundar sem vinna allan ársins hring að þjónustu í samfélaginu. Þar má nefna lögreglu- fíkniefna- toll- björgunarhunda o.s.frv. Ekki eru gerðar kröfur á að hundurinn sé hreinræktaður.

Leiðsöguhundurinn Gaur er þjónustuhundur ársins 2022.

Fundi slitið

Næsti fundur er áætlaður 9. janúar 2023.